

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B22-25

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 22-25

Nr. 213-233

2005

Efnisyfirlit B 22–25 2005

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|-----|------------|--|-------------|
| 213 | 15. feb. | Reglugerð um lyfjagreiðslunefnd | 273-276 |
| 214 | 16. feb. | Reglugerð um hrognkelsaveiðar | 276-278 |
| 215 | 16. feb. | Auglýsing (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta | 279 |
| 216 | 15. feb. | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík | 279-280 |
| 217 | 16. feb. | Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005 | 280 |
| 218 | 18. feb. | Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005, um staðfestingu sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta | 281 |
| 219 | 18. feb. | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík | 281-282 |
| 220 | 18. feb. | Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001 | 283 |
| 221 | 11. feb. | Auglýsing um skipulagsmál á Akureyri | 284 |
| 222 | 3. feb. | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, Tröllateiga 10-16, Mosfellsbæ | 284 |
| 223 | 17. feb. | Gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi | 285 |
| 224 | 14. feb. | Reglugerð um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu | 285-286 |
| 225 | 17. feb. | Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárbíngi ytra árið 2005 | 287 |
| 226 | 31. jan. | Auglýsing um skrá Hrunamannahrepps skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna | 288 |
| 227 | 17. feb. | Auglýsing um skipulagsmál í Reykjanesbæ | 288-289 |
| 228 | 28. jan. | Auglýsing um skrá Borgarbyggðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna | 289 |
| 229 | 15. feb. | Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur osteópata | 290-291 |
| 230 | 2. feb. | Reglugerð um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995 með síðari breytingum | 291-295 |
| 231 | 2. jan. | Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis | 295-299 |
| 232 | 22. feb. | Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði | 299-302 |
| 233 | 23. feb. | Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshé aði | 302-304 |

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 2005

15. febrúar 2005

273

Nr. 213

REGLUGERÐ um lyfjagreiðslunefnd.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til starfsemi lyfjagreiðslunefndar, sem skipuð er í samræmi við ákvæði 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

Lyfjagreiðslunefnd skal ákveða að fenginni umsókn:

1. Hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heildsölu og smásölu, sem eru með markaðsleyfi.
2. Hvort sjúkratryggingar, skv. 36. gr. laga um almannatryggingar, taka þátt í greiðslu lyfja, sem eru á markaði hér á landi.
3. Greiðslupátttökuverð, þ.e. það verð sem almannatryggingar skulu miða greiðslupátttöku sína við, sbr. 2. tl.
4. Greiðslupátttöku í lyfjum, sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum. Nefndin getur vísað afgreiðslu slíkra umsókna til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Nefndarskipan.

Ráðherra skipar fimm manna nefnd, lyfjagreiðslunefnd, til 4 ára í senn samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Fjármálaráðuneytis.
2. Landlæknis.
3. Lyfjastofnunar.
4. Tryggingastofnunar ríkisins.

Fimmti maðurinn er skipaður af ráðherra, án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Við skipun nefndarinnar skal þess gætt að í henni séu fagmenn á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála.

3. gr.

Persónulegir hagsmunir nefndarmanna.

Nefndarmenn, sbr. 2. gr., mega ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

4. gr.

Viðmiðunarlönd.

Til að ná markmiðum lyfjalaga um að halda lyfjakostnaði í lágmarki skal lyfjagreiðslunefnd sjá til þess að lyfjaverð hér á landi sé að jafnaði sambærilegt við verð í viðmiðunarlöndum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem eru Danmörk, Finnlandi, Noregur og Svíþjóð.

Lyfjagreiðslunefnd skal fylgjast með verðlagningu lyfja í heildsölu og smásölu og greiðsluþátttökuverði í viðmiðunarlöndunum sbr. 1. mgr. og taka mið af þeim athugunum við verðákvarðanir sínar skv. 1. og 3. tölul. 2. mgr. 1. gr.

Kjósi lyfjagreiðslunefnd að setja sér verklagsreglur skulu þær staðfestar af ráðherra og kynntar hagsmunaaðilum.

5. gr.

Um ákvarðanatöku.

Lyfjagreiðslunefnd ákvarðar hámarksverð lyfs í heildsölu með hliðsjón af verði sömu lyfja í viðmiðunarlöndunum, sbr. 1. mgr. 4. gr. Fulltrúi samtaka lyfjaheildsala tekur sæti í nefndinni, þegar teknar eru almennar ákvarðanir um hámarksverð í heildsölu.

Lyfjagreiðslunefnd ákvarðar hámarksverð lyfs í smásölu, á grundvelli viðurkennds hámarksverðs í heildsölu, sbr. 1. mgr. og með hliðsjón af verði sömu lyfja í viðmiðunarlöndunum. Fulltrúi samtaka lyfjasmásala tekur sæti í nefndinni, þegar teknar eru almennar ákvarðanir um hámarksverð í smásölu, en þegar fjallað er um hámarksverð á dýralyfjum í smásölu tekur fulltrúi samtaka dýralækna einnig sæti í nefndinni auk þess sem nefndin skal þá leita álits yfirdýralæknis.

Falli atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni, sker atkvæði formanns úr.

Fundi í nefndinni skal boða með hæfilegum fyrirvara.

6. gr.

Umsókn um hámarksverð í heildsölu.

Markaðsleyfishafar sérlyfja eða umboðsmenn þeirra skulu sækja um hámarksverð í heildsölu til lyfjagreiðslunefndar á þar til gerðu eyðublaði, sem nefndin lætur gera. Með umsókn skulu að lágmarki fylgja upplýsingar um heildsöluverð sama lyfs í þeim löndum, sem nefndin tekur mið af við verðákvarðanir sínar, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Þegar sótt er um hækkun heildsöluverðs skal umsækjandi veita lyfjagreiðslunefnd fullnægjandi upplýsingar, m.a. ítarlegar upplýsingar um þau atvik sem átt hafa sér stað frá því að verð á lyfinu var síðast ákvarðað og réttlæta að hans mati umbeðna verðhækkun.

Lyfjagreiðslunefnd skal að öðru jöfnu tryggja að umfjöllun um heildsöluverð sé lokið innan 90 daga frá því að fullnægjandi umsóknargögn berast nefndinni.

Tilkynning um lækkun heildsöluverðs lyfs skal hafa borist lyfjagreiðslunefnd í síðasta lagi 10. hvers mánaðar.

Sampykkt heildsöluverð er jafnframt hámarksverð í heildsölu.

7. gr.

Endurskoðun hámarksverðs.

Lyfjagreiðslunefnd getur endurskoðað fyrri ákvarðanir um hámarksverð lyfja ýmist að beiðni hagsmunaaðila eða að eigin frumkvæði í ljósi breyttra aðstæðna eða nýrra upplýsinga.

Lyfjagreiðslunefnd er heimilt að beita verðstöðvun, sbr. 45. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

Lyfjagreiðslunefnd skal reglulega og ekki sjaldnar en á 2ja ára fresti endurmeta forsendur lyfjaverðs hér á landi, samanborðið við sömu lyf í viðmiðunarlöndunum, sbr. 1. mgr. 4. gr., og gera tillögur um breytingar þar að lútandi, gefi matið ástæður til þess.

Allar ákvarðanir sem leiða til lækkunar skulu alla jafnan kynntar a.m.k. mánuði áður en þær koma til framkvæmda nema um annað semjst.

8. gr.

Upplýsingar með umsókn um greiðsluþátttöku.

Umsókn um greiðsluþátttöku skal fylgja:

1. Samantekt um eiginleika lyfsins.
2. Upplýsingar um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í viðmiðunarlöndunum, skv. 4. gr.
3. Gögn sem sýna fram á gagnsemi lyfsins annars vegar og hagkvæmni þess og áhrif á kostnað af greiðsluþátttöku hins vegar.
4. Söluáætlun, næstu 3ja ára, til að meta áhrif greiðsluþátttöku á kostnað almannatrygginga.

Lyfjagreiðslunefnd getur ef þörf krefur óskað eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjanda.

9. gr.

Forsendur greiðsluþátttöku.

Við mat á því hvort veita skuli greiðsluþátttöku skal lyfjagreiðslunefnd taka mið af:

1. Hvort lyfið hafi örugg og mikilsverð lækningaáhrif á vel afmarkaðar ábendingar.
 2. Hvort verð lyfsins er í eðlilegu samhengi við meðferðarlegt gildi þess.
 3. Áætluðu sölumagni lyfs skv. söluáætlun.
- Almennt skal ekki veita greiðsluþátttöku fyrir lyf, ef lyfið hefur breitt svið ábendinga, og hluti þeirra réttlætir ekki greiðsluþátttöku skv. lögum um almannatryggingar.

Auk þess er ekki veitt greiðsluþátttöku fyrir lyf:

1. Ef augljós hættu er á að lyfið verði notað við öðru en samþykktum ábendingum.
2. Ef lyfið er eingöngu eða aðallega notað í tilgangi, sem ekki réttlætir greiðsluþátttöku frá almannatryggingum, skv. c-lið 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.
3. Ef áhrif lyfsins eru ekki staðfest á klínískan hátt.
4. Ef óljóst er, hvort eða hvenær nota skuli lyfið sem fyrsta val.
5. Ef lyfið er einkum notað á sjúkrahúsum.

Heimilt er að tengja greiðsluþátttöku almannatrygginga við einstaka ábendingu, lyfjaform, styrkleika eða magn viðkomandi lyfs.

10. gr.

Málsmeðferð.

Rökstudd ákvörðun lyfjagreiðslunefndar samkvæmt 1.-4. tl. 2. mgr. 1. gr. skal liggja fyrir og tilkynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum frá móttöku umsóknar um lyfjaverð og greiðsluþátttöku. Berist umsókn um greiðsluþátttöku síðar en umsókn um lyfjaverð lengist sá frestur, sem nefndin hefur til að taka ákvörðun, um 90 daga frá þeim degi er umsókn um greiðsluþátttöku berst.

Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja umsókn sinni, skal honum tjáð hvaða upplýsingar vantar. Í slíkum tilvikum skal ákvörðun nefndarinnar liggja fyrir og tilkynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að viðbótarupplýsingar bárust henni.

Allar ákvarðanir nefndarinnar og breytingar á þeim, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt, eftir atvikum, álitum sérfræðinga eða tilmælum sem ákvarðanirnar byggjast á, skulu tilkynntar umsækjanda þeirra lyfja sem þær varða. Þá skulu þeim kynnt þau lagaúrræði sem þeir geta nýtt sér samkvæmt gildandi lögum og sá frestur er þeir hafa til þess.

11. gr.

Birting ákvarðana og útgáfa lyfjaverðskrár.

Lyfjagreiðslunefnd gefur út lyfjaverðskrá þar sem fram kemur viðmiðunarverðskrá, greiðsluþátttaka almannatrygginga hvers lyfs, hámarksverð og greiðsluþátttökuverð allra lyfseðilsskyldra lyfja og allra dýralyfja, ásamt heildsöluverði.

Lyfjaverðskrá skal gefin út ársfjórðungslega, þ.e. 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október, ár hvert.

Nefndin skal birta helstu breytingar er verða kunna á hámarksverði lyfja í heildsölu og/eða smásölu, greiðsluþátttöku almannatrygginga eða greiðsluþátttökuverði.

12. gr.

Verðefirlit.

Lyfjagreiðslunefnd skal fylgjast með hámarksverði og greiðsluþátttökuverði lyfja í heildsölu og smásölu hér á landi og í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

13. gr.

Málskot.

Synji lyfjagreiðslunefnd umsóttu verði, umsókn um verðbreytingu eða greiðsluþátttöku, skal nefndin rökstyðja ákvörðun sína og gera umsækjanda grein fyrir heimild hans til að bera ákvörðun nefndarinnar undir dómstóla samkvæmt almennum reglum.

Ákvarðanir nefndarinnar sæta ekki endurskoðun ráðherra.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 501/1996 um ákvörðun lyfjaverðs, óbirtar reglur um starfshætti lyfjaverðsnefndar frá 1. júní 2001 og reglugerð nr. 128/2002 um greiðsluþátttökunefnd.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. febrúar 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um hrognkelsaveiðar.**

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Aðeins er heimilt að veita þeim bátum leyfi til grásleppuveiða, sem rétt áttu til slíkra leyfa á vertíðinni 1997, sbr. reglugerð nr. 58/1996, enda hafi þeir leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. lög nr. 38/1990. Óheimilt er að veita bátum, sem eru stærri en 15 brt., leyfi til grásleppuveiða, hafi þeir ekki haft leyfi til veiða á grásleppu vertíðina á undan. Heimilt er að binda úthlutun leyfa og leyfi til grásleppuveiða þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, m.a. varðandi skýrsluskil um veiðarnar.

3. gr.

Flutningur grásleppuveiðileyfis milli báta er bundinn eftirfarandi skilyrðum: a) að bátur, sem leyfi er flutt frá, hafi haft það í a.m.k. eina vertíð, b) að bátur, sem grásleppuveiðileyfi er flutt til, hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni, c) að hinn nýi bátur sé ekki meira en 2.5 brúttótonnum stærri en sá bátur, sem veiðileyfið er flutt frá og d) að eigandi báts sem grásleppuveiðileyfi hefur undirriti beiðni um flutning leyfis.

Eftir 1. janúar 2006 skal heimild til flutnings grásleppuveiðileyfis milli báta bundin því skilyrði, að bátur sem leyfi er flutt til sé ekki stærri í brúttótonnum en bátur sá sem veiðileyfið er flutt frá sbr. c. lið 1. mgr.

4. gr.

Við sölu báts, sem hefur leyfi til grásleppuveiða, fylgir leyfið bátnum nema um annað sé samið í kaupsamningi. Hafi seljandi báts, með grásleppuveiðileyfi, tekið fram í kaupsamningi, að grásleppuveiðileyfið fylgdi ekki með við sölu bátsins, hefur seljandinn heimild til að flytja leyfið á annan bát, enda hafi sá bátur leyfi til veiða í atvinnuskyni og sé innan stærðarmarka sbr. 2. og 3. gr. Tilkynna skal til Fiskistofu fylgi leyfi til grásleppuveiða ekki báti við sölu hans. Nýti seljandi ekki ofangreinda heimild til að flytja grásleppuveiðileyfi á annan bát næstu tvær vertíðir frá sölu bátsins fellur leyfið niður. Ákvæði þessarar greinar taka eftir því sem við á einnig til þess tilviks, þegar bátur er tekinn af skipaskrá Siglingastofnunar Íslands.

5. gr.

Eingöngu er heimilt að nota við grásleppuveiðar þann bát, sem tilgreindur er í veiðileyfi. Ekki er heimilt að stunda á sama tíma veiðar á grásleppu og netaveiðar á þorskfiski. Um grásleppuveiðar krókabáta vísast til ákvæða reglugerða um veiðar krókaafلامarksbáta og dagabáta.

6. gr.

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákvæðið veiðisvæði og veiðitíma. Er leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði sem hér segir:

- A: Fyrir Vesturlandi, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum, er veiðitímabilið 11. apríl - 9. júní.
- B: Í Breiðafirði, frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið 11. apríl - 9. júní.
Innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita, vestan Grundarfjarðar, í Lambanes, vestan Vatnsfjarðar, er veiðitímabilið þó 20. maí - 18. júlí.
Séu grásleppuveiðar hafnar fyrir 20. maí samkvæmt þessum lið skal veiðum viðkomandi báts hætt eigi síðar en 9. júní.
- C: Fyrir Vestfjörðum, frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, skulu veiðileyfishafar velja milli þess að stunda veiðar innan veiðitímabilsins 15. apríl - 13. júní eða veiðitímabilsins 20. maí - 18. júlí.
- D: Í Húnaflóa, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið 25. mars - 23. maí.
- E: Fyrir Norðurlandi, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið 30. mars - 28. maí.
- F: Fyrir Austurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum er veiðitímabilið 30. mars - 28. maí.
- G: Fyrir Suðurlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita, skulu veiðileyfishafar velja milli þess að stunda veiðar innan veiðitímabilsins 15. mars - 13. maí eða veiðitímabilsins 15. apríl - 13. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir kl. 08.00 fyrsta dag veiðitímabils. Skyllt er að draga öll grásleppunet, sbr. 8. gr. úr sjó fyrir lok veiðitímabils sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum sbr. 8. gr. frá 15. júní til 31. desember ár hvert.

7. gr.

Sé einn maður á báti, er bannað að eiga fleiri en 100 hrognkelsanet í sjó. Séu tveir menn í áhöfn, skulu ekki fleiri en 200 net í sjó. Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 300 net í sjó. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 60 faðma ófellda slöngu. Sé notuð 120 faðma ófelld slanga er heimilt að vera með helmingi færri net í sjó en að framan greinir.

8. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta, sem heimilt er að nota, er 10,5 þumlungar (267 mm).

Óheimilt er að nota til rauðmagaveiða net með minna en 7 þumlunga (178 mm) möskva og net dýpri en 20 möskva. Þá er óheimilt að nota til rauðmagaveiða net með stærri möskva en 8,5 þumlunga (216 mm). Eftir 1. janúar 2006 er óheimilt að nota til rauðmagaveiða net með stærri möskva en 8 þumlunga (203 mm).

9. gr.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og skulu allar netabaujur merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flaggið skal auðkennt þannig að séð verði hvaða bátur eigi netið. Skyllt er að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa, sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skáð skýrum tölustöfum á baujuflagg eða belg á báðum endum trossu.

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skyllt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma vegna brota á reglum um grásleppuveiðar, sbr. ákvæði laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk-ígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Hólmavíkurbætur.

Úthluta skal til báta/skipa sem heimahöfn eiga á Hólmavík og landa aflanum í heimahöfn enda séu eigendur þeirra skráðir með búsetu í Hólmavíkurbætur og skráðir þar þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út og hafi haft atvinnu af fiskveiðum eða fiskvinnslu s.l. fiskveiðiár. Ekki koma til greina þær útgerðir sem leigt eða selt hafa kvóta frá sér á síðasta fiskveiðiári eða landað hafa utan heimahafnar nema um sjóskaða hafi verið að ræða eða stórkostlega vélarbilun. Úthlutunin skal vera jöfn milli allra þeirra sem úthlutun fá en ekki hlutfallsleg.

2. Stykkishólmsbær.

Skipta skal byggðakvóta Stykkishólmsbætur milli báta, þeirra útgerða sem stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu vertíðum og skráðir eru í Stykkishólmi 31. desember 2004, þannig:

1. 90% skiptast á grundvelli aflahlutdeildar í hörpuskel kvótaárið 2004/2005.
2. 10% skiptast milli báta, með veiðireynslu í hörpuskel fiskveiðiárið 2001/2002 og 2002/2003 sem varanlega aflahlutdeild í hörpuskel er ekki bundin við, enda eigi eigendur þeirra ekki annan bát, sem aflahlutdeild í hörpuskel er bundin við 31. desember 2004.

Kvótinn verði veiddur af bátum í bæjarfélaginu og unninn á staðnum.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Klausturstígur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt austur, námsmannagarða við Klausturstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 18b og 20a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 26. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.5, vegna lóðanna Laugavegur 18b og 20a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóli Íslands.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 19. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugardalur austur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal, austurhluta.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. febrúar 2005.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005.**

1. gr.

Í stað: „780.788 lestir“ í 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 5, 17. janúar 2005, komi: 803.256 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2005

18. febrúar 2005

281

Nr. 218

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005, um staðfestingu sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Leiðrétting á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005.

Súðavíkurhreppur.

3. tl. hljóðar svo: Til að eiga rétt á úthlutun byggðakvóta skulu bátar/skip vera skráð og hafa verið með heimahöfn í Súðavík 1. september 2004 og einnig útgerð báta/skipa sem eru og hafa verið með skráð lögheimili í Súðavíkurhreppi 1. nóvember 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. febrúar 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

18. febrúar 2005

Nr. 219

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Ármannsreitur – Sóltún.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ármannsreit – Sóltún.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Gutenberg

Jaðarsel (Lambasel).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Jaðarsel, svæði milli Lækjarsels og Klyfjasels. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. febrúar 2005.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 2005

18. febrúar 2005

283

Nr. 220

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 1.113.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 839/2003, um sama efni.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. febrúar 2005.

Árni Magnússon.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 2005

Nr. 221

284

11. febrúar 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Akureyri.

Breytingar á deiliskipulagi Kjarnalundar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 18. janúar 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Kjarnalundar frá 1. apríl 2003. Meginefni breytingarinnar er að í stað kvaðar um umferð að orlofshúsabyggð kemur umferðargata í gatnakerfi bæjarins. Ennfremur er félagsheimili afmörkuð sérstök lóð sem áður var hluti af lóð Kjarnalundar.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis I.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. febrúar 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að byggingarreitur á lóðinni nr. 1 við Geislatún stækkar um 2 m til vesturs og verður 14 m á breidd í stað 12 m.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna þeirra. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 11. febrúar 2005.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 222

3. febrúar 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, Tröllateiga 10-16, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, Tröllateig 10-16, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 14. janúar 2005.

Breytingin er minniháttar á lóðarmörkum milli lóða við Tröllateig 10-16. Lóðarmörkum einstakra lóða er hliðrað til.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

Gutenberg

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2005 skal vera kr. 6.500 fyrir þrær undir 3.000 l að rúmmáli, kr. 9.000 fyrir 3.000 l til 6.000 l þrær, kr. 11.500 fyrir 6.000 l til 9.000 l þrær, kr. 18.500 fyrir 9.000 l til 20.000 l þrær, kr. 33.500 fyrir 20.000 l þrær eða stærri. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti. Gjaldið tekur breytingum skv. byggingarvísitölu. Gjaldið miðast við vísitölu desembermánaðar árið á undan. Byggingarvísitala í desember 2004 er 304,8 stig. Þar sem fleiri en einn aðili tengist rotþró er gjaldinu skipt á milli aðila.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 21. desember 2004, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Svalbarðsstrandarhreppi, 17. febrúar 2005.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, XX. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða og ákvarðana:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 6, bls. 170–197.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/721/EB frá 21. október 1994 um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, 5. febrúar 1998, bls. 184-194.
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/660/EB frá 14. nóvember 1996 um breytingar samkvæmt 3. mgr. 42. gr. á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, 5. febrúar 1998, bls. 195-201.

4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/368/EB frá 18. maí 1998 um aðlögun, skv. 3. mgr. 42. gr., á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 63, 19. desember 2002, bls. 287-296.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2408/98 frá 6. nóvember 1998 um breytingu á V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 63, 19. desember 2002, bls. 329-330.
6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/816/EB frá 24. nóvember 1999 um aðlögun, skv. 1. mgr. 16. gr. og 3. mgr. 42. gr., á II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 63, 19. desember 2002, bls. 297-328.
7. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 120/97 frá 20. janúar 1997 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 6, 30. janúar 2003, bls. 223-224.
8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/412/EB frá 3. júní 1999 varðandi spurningalista sem aðildarríkin nota við skýrslugerð skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 259/93, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 6, 30. janúar 2003, bls. 225-234.
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 frá 28. desember 2001 um breytingu á V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 9, 21. febrúar 2004, bls. 507-545.
10. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB frá 24. nóvember 1994 varðandi staðlaða fylgibréfið sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 27, 15. júní 2000, bls. 14-19.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa vegna brota á framantöldum reglugerðum og ákvörðunum skal farið samkvæmt 33. gr. laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Reglugerð þessi er birt samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi b-liður 2. gr. reglugerðar nr. 377/1994, um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. febrúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2005.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðu og sorpeyðingu, sbr. samþykkt nr. 615/2004 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra fyrir árið 2005, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

| | kr. |
|--|--------|
| a) Sorphirða og sorpeyðing frá íbúðum í þéttbýli og dreifbýli miðað við vikulega losun, 1 poki | 12.600 |
| b) Sorphirða og sorpeyðing frá íbúðum í dreifbýli miðað við losun á 2ja vikna fresti, 1 poki á viku | 11.600 |
| c) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki – gámaþjónusta og sorpeyðing | 8.100 |
| d) Sumarhús - gámaþjónusta og sorpeyðing | 5.500 |
| e) Smærri fyrirtæki og stofnanir miðað við 1 pokagildi á viku (margf. í gámum skv. talningu) (fyrirtæki sjá um gáma þar sem þeir eru notaðir en Rangárþing ytra sér um flutning á förgunarstað og greiðir fyrir meðhöndlun úrgangsins þar). Sorphirðing og sorpeyðing | 12.600 |
| f) Stærri fyrirtæki, stofnanir, sláturhús og fyrirtæki með iðnaðarframleiðslu sjá sjálf um geymslu og flutning úrgangs til móttökustöðva og greiða fyrir meðhöndlun úrgangsins þar samkvæmt gjaldskrá mótökustöðvanna (ef Rangárþing ytra sér um flutning úrgangs frá þessum aðilum og/eða greiðir fyrir meðhöndlun úrgangsins til móttökustöðvanna, skal gera reikning á viðkomandi í samræmi við reikninga frá flutnings- og móttökuaðilum). | |

Gjald fyrir eyðingu sorps er innifalið í framangreindri gjaldskrá, þ.e. kr. 4.500 fyrir íbúðir í þéttbýli og dreifbýli, smærri fyrirtæki og stofnanir margf. m.v. fjölda pokagilda og kr. 1.500 fyrir sumarbústaði.

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 13. janúar 2005 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2005 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 15. febrúar 2005.

Hellu, 17. febrúar 2005.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um skrá Hrunamannahrepps skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

- I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:
- Yfirstjórn:
- sveitarstjóri
 - skrifstofustjóri
 - launafulltrúi
- Félagsþjónusta:
- félagsmálastjóri
- Fræðslumál:
- skólastjórar grunnskóla
 - skólastjórar leikskóla
- Íþrótt- og æskulýðsmál:
- umsjónarmenn íþróttamannvirkja – íþróttahús og sundlaug
- Skipulags- og byggingarmál:
- skipulags- og byggingarfulltrúi
- Veita – áhaldahús:
- veitustjóri
- II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:
- húsvörður grunnskóla
 - húsvörður félagsheimilis

Flúðum, 31. janúar 2005.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

1) Deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Deiliskipulagið afmarkast af Iðjustíg og Krossmóa til suðurs, vesturmörkum lóðarinnar Krossmóa 2 og Hafnargötu til vesturs, Víkurbraut til norðurs og Bakkastíg til austurs.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

2) *Grenndarkynning sjálfsafgreiðslubensinstöðvar við Hólagötu 20.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt grenndarkynninguna.

Grenndarkynningin tekur til sjálfsafgreiðslubensinstöðvar við Hólagötu 20 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Reykjanesbæ, 17. febrúar 2005.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

AUGLÝSING

um skrá Borgarbyggðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6.–8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

| <i>Starf:</i> | <i>Stöðugildi:</i> |
|---|--------------------|
| Bæjarstjóri | 1,0 |
| Bæjarritari | 1,0 |
| Bæjarverkfræðingur | 1,0 |
| Forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs | 1,0 |
| Félagsmálastjóri | 1,0 |
| Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi | 1,0 |
| Skólastjórar grunnskóla | 2,0 |
| Aðstoðarskólastjórar grunnskóla | 2,0 |
| Skólastjórar leikskóla | 3,0 |
| Launafulltrúi | 0,5 |

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna:

| <i>Starf:</i> | <i>Stöðugildi:</i> |
|-------------------|--------------------|
| Slökkviliðsstjóri | 1,0 |

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Borgarnesi, 28. janúar 2005.

Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur osteópata.

1. gr.

Rétt til þess að bera starfsheitið osteópati og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita þeim sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

Osteópati skal hafa lokið a.m.k. 4 ára námi í osteópátíu auk verklegs náms sem skal ljúka með B.S. gráðu (bachelor of science), sambærilegri eða hærri gráðu. Umsækjendur skulu hafa næga kunnáttu í réttarreglum er lúta að starfi þeirra. Leita skal umsagnar landlæknis og viðeigandi stéttarfélags áður en leyfi er veitt. Um staðfestingu starfsleyfa umsækjenda af evrópska efnahagssvæðinu fer skv. 10. gr. reglugerðar nr. 244/1994.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 3. gr. að öðru leyti en því að hann hefur lokið prófi utan hins evrópska efnahagssvæðis, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn landlæknis og stéttarfélags, enda sanni hann nægilega kunnáttu í íslensku.

4. gr.

Starfsvettvangur osteópata er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Starfssvið osteópata er meðhöndlun á stoðkerfi líkamans. Ekki má osteópati taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

5. gr.

Osteópati er heimilt að hafa sér til aðstoðar starfsfólk sem ávallt skal starfa á ábyrgð hans.

6. gr.

Um þagnarskyldu osteópata og starfsmanna þeirra gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

7. gr.

Osteópati ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Osteópatar skulu færa sjúkraskrá um þá sem til þeirra leita í samræmi við ákvæði laga um réttindi sjúklinga og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

9. gr.

Verði landlæknir þess var að osteópati vanræki skyldur sínar, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og skal landlæknir þá senda málið til ráðherra með tilögum um hvað gera skuli. Um osteópata gilda að öðru leyti ákvæði læknalaga nr. 53/1988.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. febrúar 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra,
nr. 289/1995 með síðari breytingum.**

1. gr.

3. gr. breytist þannig að við bætist nýtt viðvörunarmerki:
(Nýtt viðvörunarmerki)



A11.38 Hreindýr

Merki þetta má nota til að vara við lausagöngu hreindýra á vegsvæði þar sem umferð er mikil og að jafnaði hröð.

2. gr.

5. gr. breytist þannig:



B18.xx Takmarkaður áspungi

Á merkið skal letra mesta leyfilega þunga á ás með fjórum hjólum. Þyngd áss með tveimur hjólum og þyngd á tví- og þrías skal vera í samræmi við reglur um þyngd ökutækja. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreinda þyngd í heilum tonnum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið 18.05.

3. gr.

9. gr. breytist þannig að við bætist nýtt upplýsingamerki:
(Nýtt upplýsingamerki)



E01.33 Bifreiðastæði fyrir fólksbifreiðir

Merki þetta er notað til að sýna hvar eru bifreiðastæði sem eingöngu eru ætluð fólksbifreiðum.

4. gr.

11. gr. breytist þannig:
(Ný þjónustumerki)

E02 Almenn þjónusta og ábendingar.




E02.46 Orlofshúsahverfi

Merki þetta vísar á þyrpingu orlofshúsa samtaka eða einstaklinga. Húsin eru almennt ekki boðin ferðafólki til leigu.



E02.48 Viti

Merki þetta vísar á aðkomuleið að vita.



E02.59 Athyglisverður staður innanhúss

Merki þetta er notað þar sem ástæða þykir til að benda vegfarendum á athyglisverða staði innanhúss sem eru opnir almenningi, aðra en þá sem eru merktir með sérstöku tákni.




E02.66 Fuglaskoðun

Merki þetta vísar á stað sem hentugur er til fuglaskoðunar.



E02.67 Selalátur

Merki þetta vísar á stað þar sem útsýni er yfir selalátur.



E06.61 Aðgangur að neti

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á aðgang að tölvu með nettengingu.



E07.22 Skeiðvöllur

Merki þetta vísar á skeiðvöll.



E07.23 Hesthúsahverfi

Merki þetta vísar á hesthúsahverfi.




E09.16 Fiskihöfn

Merki þetta vísar á hafnarsvæði þar sem fiskiskip landa afla sínum.




E07.65 Fjór hjól til leigu

Merki þetta vísar á stað þar sem fjór hjól eru til leigu.



E07.55 Skotsvæði

Merki þetta vísar á svæði sem er ætlað til skotæfinga.



E08.58 Ferðamannafjós

Merki þetta vísar á býli þar sem gestum gefst kostur á að skoða kúr í fjósi.



E08.81 Tónlistarflutningur

Merkið vísar á stað þar sem er tónlistarhátið eða þar sem tónlistarflutningur fer fram.



E09.15 Vöruhöfn

Merki þetta vísar á hafnarsvæði til vöruflutninga.

5. gr.

13. gr. breytist þannig að við bætist nýr vegvísir.
(Nýr vegvísir)



F12.31 Staðarleiðarvísir

Merki þetta má setja við veg til nánari upplýsinga fyrir vegfarendur um staði og þjónustu. Nöfn staða eru með hvítum stöfum. Vegalengdir og viðeigandi þjónustutákn eru sett við hvern stað.

Helsta þjónustustarfsemi staðarins er gjarnan sýnd með stærra merki en önnur þjónusta.

Er dæmi um fyrirtækjamerki sem má setja á eftir



nafni staðar eða með þjónustumerkjum. Þetta tiltekna merki er merki ferðaþjónustu bænda.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 2. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

2. janúar 2005

Nr. 231

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | | |
|--|-----|-------|
| Tímagjald | kr. | 7.031 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. | 8.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|---|------------------|
| Endurnýjun starfsleyfis: | |
| Starfsleyfisgjald | hálf títímagjald |
| og auglýsingakostnaður ef við á | |
| Ný starfsemi: | |
| Starfsleyfisgjald | eitt títímagjald |
| og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks | |
| ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|----------------|
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu | hálf tímagjald |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samnningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga

nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 331/2004 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands, 2. janúar 2005.

Helgi Helgason.

VIÐAUKI A

| Atvinnugrein | ÍSAT-númer | Tíðni | Gjald kr. |
|---|------------|-------|-----------|
| Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru | 90.00.0.6 | 0,25 | 5.700 |
| Alifuglarækt < 40.000 stæði | 01.24.0.1 | 1 | 26.400 |
| Alifuglarækt > 40.000 stæði | 01.24.0.2 | 2 | 52.700 |
| Apótek | 52.31.0.0 | 0,5 | 10.500 |
| Áfengis meðferð | 85.11.5.0 | 0,5 | 14.100 |
| Áfengisverslun | 52.25.0.0 | 0,5 | 10.500 |
| Áhaldahús sveitarfélags | 90.00.0.9 | 0,5 | 11.400 |
| Bakarí, miðlungs | 15.81.0.3 | 1 | 34.400 |
| Bensínstöðvar, sjálfsafgreiðsla | 50.50.0.0 | 1 | 24.600 |
| Bensínstöðvar með matvöru | 50.50.0.1 | 2 | 59.800 |
| Bensínstöðvar með veitingasölu | 50.50.0.2 | 2 | 81.800 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 50.20.0.4 | 0,5 | 14.900 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 50.20.0.5 | 0,5 | 18.500 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 50.20.0.1 | 0,25 | 5.700 |
| Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 50.20.0.2 | 0,25 | 6.200 |
| Blikksmíði | 28.52.0.1 | 0,25 | 5.300 |
| Bón- og bílapvottur, handvirkir | 50.20.0.10 | 0,5 | 8.800 |
| Bón- og bílapvottur, sjálfvirkir | 50.20.0.9 | 0,5 | 16.700 |
| Byggingavöruverðslanir, litlar | 52.46.1.2 | 0,5 | 13.200 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 55.23.0.2 | 0,5 | 19.400 |
| Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 55.23.0.1 | 0,5 | 22.900 |
| Deildaskipt sjúkrahúsi, miðlungs með móttökueldhúsi | 85.11.1.2 | 1 | 36.900 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi | 85.11.4.2 | 1 | 26.400 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi | 85.11.4.3 | 1 | 39.600 |
| Dýralæknastofur án röntgen | 85.20.0.1 | 0,25 | 4.800 |
| Efnalaugar | 93.01.0.2 | 0,5 | 14.100 |
| Fangelsi, lítið | 75.23.0.1 | 0,5 | 7.000 |
| Fangelsi, miðlungs | 75.23.0.2 | 0,5 | 14.900 |
| Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun | 55.21.0.1 | 0,5 | 11.400 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 85.32.6.2 | 1 | 39.600 |
| Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 85.32.6.1 | 1 | 28.100 |
| Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 85.32.4.0 | 0,5 | 14.100 |
| Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 52.23.0.1 | 1 | 22.900 |
| Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 63.23.0.2 | 0,5 | 12.300 |
| Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 63.23.0.1 | 1 | 26.400 |
| Fótaaðgerðarstofur | 85.14.9.1 | 0,5 | 10.500 |
| Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 74.81.0.2 | 0,5 | 13.200 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 26.61.0.0 | 0,5 | 9.700 |
| Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 15.41.0.1 | 1 | 33.400 |
| Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 15.91.0.0 | 1 | 26.400 |
| Framleiðsla húsdýrafóðurs | 15.71.1.0 | 0,25 | 5.300 |
| Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 26.63.0.0 | 0,5 | 14.900 |
| Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 80.22.0.3 | 1 | 36.100 |
| Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 80.30.0.3 | 1 | 36.100 |
| Garðaúðun | 24.20.0.1 | 0,25 | 5.300 |
| Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 90.00.0.5 | 0,25 | 5.700 |
| Gámastöð | 90.00.0.4 | 0,5 | 12.300 |
| Grunnskólar án mötuneytis | 80.10.0.1 | 0,5 | 14.100 |
| Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 80.10.0.3 | 1 | 37.900 |
| Gæsluvellir | 85.32.2.3 | 0,5 | 10.500 |

| Atvinnugrein | ÍSAT-númer | Tíðni | Gjald kr. |
|---|------------|-------|-----------|
| Harðfiskverkun | 15.20.5.0 | 1 | 19.300 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 93.02.0.0 | 0,5 | 14.100 |
| Hárgreiðslustofur | 93.02.0.1 | 0,5 | 12.300 |
| Heilsugæslustöðvar | 85.12.1.1 | 0,25 | 6.200 |
| Heimili fyrir börn og unglinga | 85.31.1.0 | 0,5 | 12.300 |
| Heitloftspurrkun fiskafurða | 15.20.4.1 | 1 | 22.900 |
| Hestahald (hestúshahverfi) | 92.62.0.1 | 0,25 | 7.000 |
| Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla | 50.20.1.4 | 0,25 | 5.700 |
| Hótel með veitingasölu, lítið | 55.11.0.1 | 1 | 26.400 |
| Hótel með veitingasölu, miðlungs | 55.11.0.2 | 2 | 59.800 |
| Hótel með veitingasölu, stórt | 55.11.0.3 | 2 | 74.800 |
| Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt | 55.12.0.3 | 1 | 29.900 |
| Hundahótel | 01.42.0.1 | 0,25 | 4.800 |
| Íþróttahús, lítil | 92.61.0.4 | 0,5 | 12.300 |
| Íþróttahús, miðlungs | 92.61.0.5 | 0,5 | 15.800 |
| Íþróttavellir | 92.61.0.7 | 0,25 | 5.700 |
| Járnvöruverslanir | 52.46.1.3 | 0,5 | 13.200 |
| Kattahótel | 01.42.0.2 | 0,25 | 4.400 |
| Kirkjur | 91.31.1.1 | 0,25 | 4.000 |
| Krár, kaffihús með matsölu | 55.40.0.1 | 1 | 24.600 |
| Kvikmyndahús | 92.13.0.1 | 0,5 | 13.200 |
| Kökugerð, lítil | 15.82.0.2 | 1 | 19.300 |
| Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá, lítil | 15.20.8.0 | 1 | 34.400 |
| Land- og kvíaelði | 05.02.2.0 | 1 | 29.900 |
| Leikskólar með fullbúna eldhúsi | 85.32.2.2 | 1 | 32.600 |
| Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 93.04.0.2 | 0,5 | 12.300 |
| Líkamsræktarstöðvar, stórar | 93.04.0.3 | 0,5 | 13.200 |
| Ljósmyndastofur með framköllun | 74.81.0.3 | 0,5 | 11.400 |
| Loðdýrabú | 01.25.2.0 | 1 | 26.400 |
| Læknastofur | 85.12.2.1 | 0,25 | 5.300 |
| Malar- og sandnám; vikurnám | 14.21.0.0 | 0,25 | 6.200 |
| Matsölustaðir, litlir | 55.30.1.1 | 2 | 35.200 |
| Matsölustaðir, miðlungs | 55.30.1.2 | 2 | 50.200 |
| Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 52.11.2.5 | 1 | 29.100 |
| Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 52.11.2.1 | 1 | 37.900 |
| Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 52.11.2.2 | 1 | 51.200 |
| Málningarvöruverslanir | 52.46.2.1 | 0,5 | 13.200 |
| Meðferð og húðun málna | 28.51.0.0 | 0,5 | 16.700 |
| Mjólkurbú og ostagerð | 15.51.0.0 | 4 | 195.700 |
| Mjólvinnsla úr sjávarafurðum | 15.20.7.1 | 1 | 28.100 |
| Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 51.57.0.3 | 0,5 | 13.200 |
| Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 55.51.0.4 | 1 | 21.100 |
| Nuddstofur | 93.04.0.6 | 0,5 | 12.300 |
| Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 26.82.9.1 | 0,5 | 19.300 |
| Plastiðnaður | 25.21.0.1 | 0,5 | 14.100 |
| Prentiðnaður með framköllun | 22.22.9.2 | 0,5 | 14.900 |
| Prentiðnaður, lítill | 22.22.9.1 | 0,25 | 6.600 |
| Rafvélaverkstæði | 31.62.0.1 | 0,25 | 5.300 |
| Salatgerð | 15.33.0.2 | 1 | 38.900 |
| Saltfiskverkun | 15.20.2.0 | 1 | 19.300 |
| Samkomusalir með fullbúna eldhúsi | 85.32.6.5 | 1 | 31.600 |
| Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði | 05.02.1.2 | 0,5 | 14.900 |
| Sjúkraþjálfun | 85.14.1.1 | 0,25 | 5.300 |
| Skemmtistaðir með matsölu | 55.30.2.0 | 1 | 28.100 |
| Skíðaskálar, skíðasvæði | 92.61.0.8 | 0,25 | 7.000 |
| Skolphreinsistöðvar | 90.00.0.3 | 1 | 28.100 |
| Skotvellir | 92.72.0.1 | 0,5 | 13.200 |
| Skyndibitastaðir, litlir | 55.30.1.4 | 1,5 | 29.000 |
| Sláturhús < 50 t/dag | 15.11.0.1 | 2 | 59.800 |
| Smurstöðvar | 50.20.0.12 | 0,5 | 18.500 |
| Snyrtistofur | 93.02.0.2 | 0,5 | 12.300 |
| Snyrtivöruverslun | 52.33.0.1 | 0,5 | 12.300 |

| Atvinnugrein | ÍSAT-númer | Tíðni | Gjald kr. |
|---|------------|-------|-----------|
| Sorpflutningar og sorphirða | 90.00.0.7 | 0,25 | 7.900 |
| Sólbáðstofur án heitra potta | 93.04.0.4 | 0,5 | 12.300 |
| Spennistöðvar | 40.10.0.1 | 0,25 | 4.400 |
| Stálmíði og stálskipagerð | 35.11.0.1 | 1 | 26.400 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 15.33.0.1 | 1 | 38.900 |
| Sundstaðir, litlir | 92.61.0.1 | 1 | 56.600 |
| Sundstaðir, miðlungs | 92.61.0.2 | 2 | 86.700 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð, lítil | 15.84.0.1 | 1 | 23.800 |
| Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða < 750 stæði fyrir gyltur | 01.23.0.1 | 1 | 33.400 |
| Svínarækt > 2000 stæði fyrir alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur | 01.23.0.2 | 2 | 66.800 |
| Söluturnar með óvarin matvæla, litlir | 52.11.3.2 | 1 | 19.300 |
| Tannlæknastofur | 85.13.1.1 | 0,25 | 5.300 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítil | 55.22.0.1 | 0,25 | 5.700 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 55.22.0.2 | 0,5 | 11.400 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stór | 55.22.0.3 | 0,5 | 13.200 |
| Tónlistarskólar | 80.42.2.0 | 0,25 | 6.200 |
| Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 20.30.9.2 | 0,25 | 6.200 |
| Trésmíðaverkstæði með lökkun | 20.30.9.1 | 0,5 | 14.100 |
| Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 41.00.0.6 | 1 | 16.000 |
| Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 41.00.0.5 | 4 | 64.000 |
| Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa | 41.00.0.4 | 6 | 96.000 |
| Vatnsveitur, einkaveitur | 41.00.0.7 | 0,25 | 9.700 |
| Vélsmíða- og vélavíðgerðaverkstæði | 29.11.0.0 | 0,25 | 5.700 |
| Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 15.20.6.1 | 1 | 19.300 |
| Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 15.20.6.2 | 1 | 26.400 |
| Vinnsla á ferskum fiski, stór | 15.20.6.3 | 1 | 33.400 |
| Vinnsla með plast- og frauðefni | 25.21.0.2 | 0,5 | 14.100 |
| Vistheimili | 85.11.4.4 | 0,5 | 14.100 |
| Vöruflutningamiðstöðvar | 63.21.0.1 | 0,5 | 16.700 |
| Yogastofur, heilun o.fl. | 85.14.9.3 | 0,5 | 10.500 |
| Þvottahús og efnalaugar | 93.01.0.0 | 0,5 | 12.300 |

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið, Fljótsdalshérað, annast meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Undir þetta ákvæði fellur ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands.

Bæjarstjórn sér til þess, í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

2. gr.

Fljótsdalshérað annast sorphreinsun frá öllu íbúðarhúsnaði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd Austurlands hafa eftirlit með starfsemi. Bæjarstjórn er heimilt

að fela öðrum framkvæmd sorphreinsunar og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem sjá um meðhöndlun úrgangs skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 737/1999 um meðhöndlun úrgangs.

Sorpförgun skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um sorpförgun og samskipti við þá aðila sem við á.

3. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem bæjarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsimenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Fljótshérað leggur íbúðum og fyrirtækjum til sorpílát undir venjulegan heimilisúrgang.

5. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirsmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphreinsimönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Oheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttöku- staði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframsorpi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

6. gr.

Hirða heimilissorps skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af bæjarstjórn.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í viðeigandi gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um hreinsun framleiðsluúrgangs. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirsmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

II. KAFLI

Gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs.

8. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við fjölda sorphirðufláta, hvort um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. rúmmáli og/eða þyngd úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Avallt skal taka tillit til flokkunar og minnkunarþátta, sem af flokkun leiðir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

Bæjarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorphjöld með þeim hætti að það hvetji til að draga úr sorphmagni sem fer til urðunar.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri við umhverfisfulltrúa Fljótsdalshéraðs. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrennar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði og verða slík erindi afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd, að fenginni umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skal umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

12. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sbr. 4.

gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 461/2002 um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði.

Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 233

23. febrúar 2005

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu og sorpeyðingar, á Fljótsdalshéraði er sem hér segir:

A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis:

| | | |
|-------------------|-----|--------|
| Sorphirðugjald | kr. | 7.100 |
| Sorpförgunargjald | kr. | 7.000 |
| Samtals: | kr. | 14.100 |

B. Á vinnustað þar sem neysluúrgangur fellur til frá eldhúsum eða kaffistofum starfsfólks og sambærileg sorphirða á vegum sveitarfélagsins fer fram og við íbúðarhúsnæði:

| | | |
|-------------------|-----|--------|
| Sorphirðugjald | kr. | 7.100 |
| Sorpförgunargjald | kr. | 7.000 |
| Samtals: | kr. | 14.100 |

C. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.þ.h.), 30% af fullu gjaldi (14.100) enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins eða í reglu-bundna sorpsöfnunarferð sorpbíls sveitarfélagsins, þar sem aðstæður leyfa og þá samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Auk gámasvæðis á Egilsstöðum verður gámasvæði opið við sumarbústaðahverfi með yfir 50 bústöðum yfir mesta ferðamannatímam.

Gjald skv. A. og B. lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti á hvern greiðanda eða sambærilegu magni í pokum.

Óski greiðendur skv. A. og B. lið eftir stærri/fleiri sorpílátum skal greiða kr. 7000 fyrir hverja viðbótar 240 lítra.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Sorpflokkur

Grófur óflokkaður úrgangur:

kr./kg án vsk. kr./kg með vsk.

12,0

14,9

Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, rafeindabúnaður, málmar, timbur, steinefni og gler.

| Sorpflokkur | kr./kg án vsk. | kr./kg með vsk. |
|--|-----------------------|------------------------|
| <i>Annar óflokkaður úrgangur:</i> | 8,4 | 10,5 |
| Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun. | | |
| <i>Seyra/úrgangur úr fituskiljum:</i> | 2,0 | 2,5 |
| <i>Timbur:</i> | 4,0 | 5,0 |
| Hreint, ekki litað eða fúavarið | | |
| <i>Óendurvinnanlegt flokkað timbur:</i> | 5,75 | 7,2 |
| Litað, spónaplötur o.þ.h. | | |
| <i>Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu:</i> | 5,75 | 7,2 |
| <i>Gler:</i> | 5,75 | 7,2 |
| <i>Kjöt- og sláturúrgangur:</i> | 5,95 | 7,4 |
| <i>Málmar, heimilistæki o.fl.:</i> | 6,8 | 8,5 |
| <i>Garðaúrgangur:</i> | 2,0 | 2,5 |
| <i>Gjald fyrir sorpförgun frá aðildarsveitarfélögum:</i> | 8,4 | 10,5 |
| <i>Afgreiðslugjald (eitt gjald pr. dag):</i> | 680 | 847 |
| <i>Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar:</i> | 0,0 | 0,0 |
| <i>Sólarhringsgjald fyrir trjákurllara:</i> | 2.500 | 3.113 |
| <i>Tímavinna við flokkun og frágang:</i> | 1.900 | 2.365,5 |

Gjöld vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á.

| | | |
|--|-----|-------|
| <i>Ólíuúrgangur, s.s. olíusíur, ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur o.fl.:</i> | 56 | 69,7 |
| <i>Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini s.s. ýmis PCB úrgangur:</i> | 550 | 684,8 |
| <i>Lífræn spilliefni án halógena og brennisteins</i> | | |
| <i>Líræn efni: Etylenglýkól, frostlögur, prýlenglýkól, edík-sýra, lífrænar sýrur, asfalt, amín, lífræn sölt, polýól og tektyl:</i> | 150 | 186,7 |
| <i>Málning vatnsblönduð og önnur ótalin eftirlitsskyld spilliefni:</i> | 28 | 34,9 |
| <i>Kvikasilfursmengaður úrgangur:</i> | 350 | 435,8 |
| <i>Oxandi- og gasmyndandi efni:</i> | 550 | 684,8 |
| <i>Ólífræn spilliefni, s.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosfórsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natríum hydroxíð, fljótandi hýpólórit, málm hydroxíðleðja, ólífræn sölt:</i> | 200 | 249 |
| <i>Ýmis spilliefni, s.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úðabrúsar. Úrgangur sem þarfnast efnagreiningar:</i> | 200 | 249 |

Umbúðir spilliefnamerkta/spilliefnamengaðar >100 l: 4000 kr./stk 4.980

Umbúðir spilliefnamerkta/spilliefnamengaðar <100 l: 1000 kr./stk. 1.245

4. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða gera grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfalli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélaga sem söfnunarstöð þjónustar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

5. gr.

Stjórn sorpstöðvarinnar er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

Stjórn sorpstöðvarinnar er heimilt að ákveða að veittur verði allt að 3% afsláttur af framangreindri gjaldskrá gegn skilvísri greiðslu gjalda skv. gjaldskránni.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokaml. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessi skulu uppreiknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs í upphafi hvers árs, fyrst 1. janúar 2006. Grunnvísitala gjaldskrárinnar er 239,2 stig (janúar 2005).

8. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd og staðfest af sveitarstjórn Fljótshéraðs 11. febrúar 2005, með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótshéraði, nr. 232/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 23. febrúar 2005.

F.h. bærarstjórnar Fljótshéraðs,

Eiríkur B. Björgvinsson bærarstjóri.

Anna Björk Hjaltadóttir
umhverfisfultrúi.

